
Stækkun Sigöldustöðvar – Áhrif á vatnshlot

Álit um umhverfismat framkvæmdar

1 Inngangur

1.1 Framlagning umhverfismatsskýrslu

Þann 13. febrúar 2026 lagði Landsvirkjun fram viðbót við umhverfismatsskýrslu um stækkun Sigöldustöðvar og óskaði eftir álit Skipulagsstofnunar, sbr. 24. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

1.2 Forsaga

Fyrir liggur umhverfismatsskýrsla vegna stækkunar Sigöldustöðvar, dags. í ágúst 2023, og álit Skipulagsstofnunar á umhverfismati framkvæmdarinnar dags. 18. desember 2023. Í kjölfarið sótti Landsvirkjun um leyfi fyrir framkvæmdinni og hlaut fyrirtækið virkjunarleyfi þann 12. september 2024 og framkvæmdaleyfi þann 19. febrúar 2025.

Í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 57/2025 var framangreint framkvæmdaleyfi fellt úr gildi, m.a. sökum annmarka á umhverfismati framkvæmdarinnar varðandi áhrif á vatn með hliðsjón af þeim kröfum sem leiðir af lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Til þess að bæta úr þeim annmörkum sem nefndir eru í úrskurði nr. 57/2025 hefur Landsvirkjun lagt fram viðbót við fyrri umhverfismatsskýrslu þar sem fjallað er um áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot.

1.3 Flutningur verkefna Skipulagsstofnunar

Á meðan málsmeðferð stóð yfir fluttust verkefni Skipulagsstofnunar til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem á sama tíma fékk heitið Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun. Álit þetta er því gefið út af Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) en móttaka skýrslunnar var í höndum Skipulagsstofnunar.

1.4 Kynning umhverfismatsskýrslu

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Ásahrepps, Rangárþings ytra, Forsætisráðuneytisins, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúrugriða og Umhverfis- og orkustofnunar.

Skýrslan var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 17. febrúar 2026 og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími var frá 16. febrúar til 30. mars 2026.

1.5 Gögn

Gögn til kynningar

Stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW – Viðbót við umhverfismatsskýrslu vegna nýs áhrifamats vatnshlota. Landsvirkjun og COWI, febrúar 2026.

Viðaukar með umhverfismatsskýrslu:

1. Áhrifamat vegna stækkunar Sigöldustöðvar, dags. 21. janúar 2026.

Að loknum kynningartíma umhverfismatsskýrslu bárust HMS viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum þann 9. júní 2026. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 1. júlí 2026.

Umsagnir og athugasemdir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá:

- Ásahreppi 26. mars 2026
- Rangárþingi ytra 23. mars 2026
- Forsætisráðuneytinu 25. mars 2026
- Hafrannsóknastofnun 4. mars 2026
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 30. mars 2026
- Náttúrufræðistofnun 25. mars 2026
- Náttúrugriðum 7. apríl 2026
- Umhverfis- og orkustofnun 19. maí 2026.

1.6 Málsmeðferð

Í umsögn Náttúrugriða er gerð athugasemd við að tekin hafi verið til meðferðar viðbót við umhverfismatsskýrslu vegna stækkunar Sigöldustöðvar. Telja samtökin málsmeðferðina ekki heimila og vísa til þess að ekki hafi farið fram málsmeðferð á grundvelli 28. gr. laga nr. 111/2021 sem fjallar um endurskoðun umhverfismats.

HMS bendir á að framkvæmdaraðili eða leyfisveitandi skal óska eftir áliti HMS á því hvort endurskoða þurfi umhverfismat skv. 28. gr. laga nr. 111/2021 telji viðkomandi að forsendur umhverfismatsskýrslu hafi breyst verulega frá því álit HMS um umhverfismat lá fyrir. Við gerð álits um hvort endurskoða þurfi umhverfismat framkvæmdar skal HMS leggja til grundvallar hvort forsendur hafi breyst verulega frá því álit um umhverfismat framkvæmdarinnar lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tækniþróunar varðandi framkvæmdina. Í tilfelli umhverfismats vegna stækkunar Sigöldustöðvar hefur farið fram lögmætisathugun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála á umhverfismati framkvæmdarinnar, sbr. úrskurð í máli nr. 57/2025, en samkvæmt úrskurðarnefndinni var tiltekinn annmarki á umhverfismati framkvæmdarinnar. Í niðurstöðum úrskurðarnefndarinnar kemur fram að sá þáttur umhverfismatsins sem fjallaði um áhrif framkvæmdarinnar á vatn yrði ekki lagður til grundvallar við veitingu framkvæmdaleyfis. Ástæður þess að nefndin taldi annmarka á umfjöllun um vatn voru þær að umhverfismatsskýrslan, sem lögð var fram til kynningar, innihélt að litlu leyti upplýsingar sem tóku tillit til umhverfismarkmiða laga nr. 36/2011 og ítarlegra áhrifamat var lagt fram að lokinni kynningu auk þess sem óvissu virtist til að dreifa um hver séu sett umhverfismarkmið hlutaðeigandi vatnshlota.

Í ljósi úrskurðarins telur HMS að umhverfismat stækkunar Sigöldustöðvar geti talist lögmætur grundvöllur fyrir leyfisveitingar ef frá er talinn sá annmarki sem var á umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á vatn. Að mati stofnunarinnar er það andstætt meðalhófi að gera meiri kröfur til málsmeðferðar en nauðsynlegt er til að leiðrétta framangreinda annmarka. Umhverfismat er

undanfari leyfisveitinga og er ætlað að varpa ljósi á helstu umhverfisáhrif framkvæmda áður en leyfi verða veitt og að veita almenningi og öðrum hagsmunaaðilum aðkomu að ákvarðanatöku vegna framkvæmda sem hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Að mati HMS fullnægir það markmiðum laga nr. 111/2021 að taka til meðferðar viðbót við umhverfismatsskýrslu til leiðréttingar á umræddum annmörkum. Þannig má tryggja þátttökurétt almennings og stuðla að upplýstri ákvörðunartöku leyfisveitingastigi.

2 Framkvæmd

2.1 Framkvæmdalýsing

Í kafla 4.2 í framlagðri viðbótarskýrslu við umhverfismat er fyrirhugaðri framkvæmd við stækkun Sigöldustöðvar lýst. Um er að ræða efnislega sömu framkvæmdalýsingu og í kafla 3.3 í umhverfismatsskýrslu Landsvirkjunar frá 2023.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að bæta við fjórðu vélasamstæðu í stöðvarhúsi Sigöldustöðvar og leggja fjórðu þrýstipípuna í fyrirbyggjandi steiptum stokki sem liggur undir inntaksstíflunni. Rist og viðgerðarloka fyrir fjórðu pípuna var komið fyrir í inntaksmannvirki á byggingartíma stöðvarinnar. Þá gerir frágangur á suðvesturgafli stöðvarhússins ráð fyrir að hægt sé að fjarlægja útveggi og lengja stöðina til suðvesturs til að auðvelda viðbyggingu. Frárennslisskurður verður breikkaður um 15 metra næst stöðvarhúsi, en sú breikkun nær um 160 m frá miðlínu véla.

Uppsett afl Sigöldustöðvar verður eftir stækkun allt að 215 MW (er í dag 150 MW), en orkuvinnslugeta stöðvarinnar eykst aðeins lítillega nema til komi meira rennsli, til dæmis vegna aukinnar bráðnunar jökla eða aukinnar úrkomu.

3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu Landsvirkjunar eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, nokkuð neikvæð og óverulega neikvæð, engin áhrif, óverulega jákvæð, nokkuð jákvæð, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 17-18 í umhverfismatsskýrslunni.

Við umfjöllun um hvern umhverfisþátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati Landsvirkjunar á umhverfisáhrifum. Síðan er fjallað um efnisatriði úr umsögnum sem bárust á kynningartíma umhverfismatsskýrslu og svörum framkvæmdaraðila við þeim. Þar á eftir fylgir umfjöllun HMS sem byggir á umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila, umsögnum, svörum framkvæmdaraðila við umsögnum og eftir atvikum öðrum gögnum.

3.1 Áhrif á vatnalífriki og vatnshlot

3.1.1 Mat Landsvirkjunar

Vatnshlot

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu Landsvirkjunar að Hafrannsóknastofnun hafi verið fengin til að uppfæra fyrra áhrifamat á vatnshlot, dags. 22. nóvember 2022, vegna fyrirhugaðar stækkunar á Sigöldustöð. Hið uppfærða áhrifamat náir til eftirfarandi vatnshlota:

- Krókslóns, vatnshlot nr. 103-2447-L
- Hrauneyjalóns, vatnshlot nr. 103-2135-L
- Veituleiðar Sigölduvirkjunar, vatnshlot nr. 103-970-R
- Tungnaár 3, vatnshlot nr. 103-973-R

Umhverfis- og Orkustofnun hafi þann 9. janúar sl. kynnt uppfærslu á vatnaáætlun 2022-2027 vegna skilgreiningar á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum. Uppfærslan hafi gert ráð fyrir að framangreind vatnshlot á áhrifasvæði Sigöldustöðvar uppfylli skilyrði þess að vera skilgreind sem manngerð eða mikið breytt vatnshlot. Manngerð og mikið breytt vatnshlot séu frábrugðin náttúrulegum vatnshlotum vegna umtalsverðra vatnsformfræðilegra breytinga sem þau hafa orðið fyrir vegna mannlegra athafna og framkvæmda. Þar af leiðandi séu umhverfismarkmið manngerðra og mikið breyttra vatnshlota frábrugðin umhverfismarkmiðum náttúrulegra vatnshlota, þ.e. *gott vistmegin* í stað fyrir *mjög gott* eða *gott* vistfræðilegt ástand, sem sé umhverfismarkmið fyrir náttúruleg vatnshlot.

Í uppfærðu áhrifamati Hafrannsóknastofnunar segir að niðurstöður rannsókna bendi til að Krókslón, Hrauneyjalón og Tungnaá 3 séu í góðu vistmegni og mat stofnunarinnar sé að veituleið Sigölduvirkjunar sé einnig í góðu vistmegni.

Í áhrifamatinu kemur fram að gera megi ráð fyrir að helstu áhrif á vatnshlotin verði á vatnsformfræðilega gæðapætti en rennslishraði vatns um lón og veituskurð muni aukast tímabundið þegar stöðin verði keyrð á auknum afköstum eftir stækkun. Aukið rennsli um stöðina sé háð framboði vatns ofar á vatnasviðinu og vatnsforði Krókslóns sé ekki meiri en svo að einungis verði hægt að auka raforkuframleiðslu í fáar klukkustundir í senn.

Í viðbót við umhverfismatsskýrslu Landsvirkjunar segir að stækkun Sigöldustöðvar muni ekki hafa umtalsverð neikvæð áhrif á lífríki, eðlisefnafræði og vatnsformfræðilega gæðapætti vatnshlotanna Krókslóns, Hrauneyjalóns, Veituleiðar Sigölduvirkjunar og Tungnaár 3 umfram það sem þegar hafi orðið.

Landsvirkjun telur að fyrirhuguð stækkun á Sigöldustöð komi til með að hafa óveruleg áhrif á vatnshlot.

Vatnalífríki

Í viðbót við umhverfismatsskýrslu Landsvirkjunar segir að þar sem ekki sé að vænta breytinga á vatnsborðshæð og vatnsborðssveiflum í Krókslóni vegna fyrirhugaðar stækkunar sé ekki gert ráð fyrir breytingum á lífsskilyrðum í Krókslóni. Þá sé ekki búist við að lífríki neðan Sultartangalóns verði fyrir áhrifum þar sem sveiflna í rennsli verði ekki vart þar fyrir neðan.

Landsvirkjun telur að fyrirhuguð stækkun á Sigöldustöð komi til með að hafa óveruleg áhrif á vatnalífríki.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Í viðbót við umhverfismatsskýrslu segir að árleg vöktun hafi farið fram á fiskstofnum Þjórsár á fiskgengna hluta árinna auk þess sem vöktun á öðru lífríki eigi sér reglulega stað. Áfram verði fylgst með áhrifum virkjana á rennsli og vatnalíf á áhrifasvæði virkjana á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár.

Í viðbót við umhverfismatsskýrslu segir að ekki sé gert ráð fyrir sérstökum mótvægisáðgerðum vegna áhrifa stækkunar Sigöldustöðvar á vatnalífríki og vatnshlot. Í töflu 4.4 segir þó að hugsanlegt sé að rennslisaukning um veituleið Sigölduvirkjunar leiði til aukins rofs sem brugðist verði við með styrkingu bergsins ef þess þurfi.

3.1.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að vatnshlotin Krókslón, Hrauneyjalón og Tungnaá 3 hafi öll verið skilgreind sem mikið breytt vatnshlot og að vatnshlotið Veituleið Sigölduvirkjunar hafi verið skilgreint sem manngert vatnshlot, sbr. opinbera birtingu stofnunarinnar dags. 13. maí 2026. Umhverfismarkmið allra vatnshlotanna sé að hafa gott vistmegin. Í umsögninni bendir Umhverfis- og orkustofnun á að heitum vatnshlota virðist hafa verið víxlað í töflum sem birtar eru í áhrifamatinu og að vatnshlotið Tungnaá hafi verið rangt skilgreint í töflu í skýrslu Landsvirkjunar. Að mati stofnunarinnar komi það þó ekki að sök þar sem niðurstaða áhrifamatsins

sé sú að ekki er búist við að stækkun Sigölduvirkjunar muni hafa veruleg áhrif á lífríki eða vatnsformfræði umfram það sem orðið er. Að mati Umhverfis- og orkustofnunar sé áhrifamatið gert í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar og lög nr. 36/2011. Gert sé ráð fyrir að umhverfismarkmið þeirra vatnshlota sem eiga í hlut náist þar sem ekki er búist við því að stækkun Sigölduvirkjunar muni hafa áhrif umfram það sem nú þegar er þekkt.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að áhrifamatið hafi verið uppfært með tilliti til umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar og er það meðfylgjandi svörum fyrirtækisins.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar við viðbót við umhverfismatsskýrslu er vísað til fyrri umsagnar stofnunarinnar, dags. 25. september 2023, við umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar. Fram kemur að sú umsögn sé í fullu gildi og að stofnunin telji að flest þau áhrif sem um ræði séu nú þegar komin fram. Í fyrri umsögn stofnunarinnar segir m.a. að þörf sé á að frekari rökstuðning vanti við fullyrðingu um að ekki sé búist við að lífríki neðan Sultartangalóns verði fyrir áhrifum þar sem sveiflna í rennsli verði ekki vart þar fyrir neðan.

Í umsögn Ásahrepps er bent á að í umhverfismatsskýrslu og áhrifamati vatnshlota sé ekki tilgreint hvernig staðið verði að mengunarvörnum á framkvæmda- og rekstrartíma. Sveitarfélagið telji mikilvægt að gerð sé grein fyrir mengunarvörnum og til hvaða aðgerða verði gripið ef mengunarslys eigi sér stað.

Í umsögn Rangárþings ytra er bent á að í viðbót við umhverfismatsskýrslu segir að ekki sé gert ráð fyrir sérstökum mótvægisáðgerðum vegna áhrifa á vatnalífriki þrátt fyrir að framkvæmdaraðili taki víða fram í umfjöllun um áhrif á einstaka vatnshlot að gæta þurfi að mótvægisáðgerðum. Sveitarfélagið bendir á að þörf sé á að útfæra mótvægisáðgerðir á framkvæmda- og rekstrartíma stöðvarinnar, einkum vegna mengunarvarna, til þess að tryggja megi að vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum.

Í svörum Landsvirkjunar er m.a. vísað til þess að fyrirtækið starfi eftir vel skilgreindum ferlum samkvæmt vottuðum umhverfisstjórnunarkerfum á bæði framkvæmda- og rekstrartíma framkvæmdarinnar þar sem m.a. sé lögð áhersla á að tryggja varnir til að koma í veg fyrir mengun vatns og vel skilgreinda ferla til að bregðast við með viðeigandi mótvægisáðgerðum. Ávallt sé til staðar viðbragðsáætlun vegna mögulegra umhverfisatvika.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að stofnunin taki undir þá niðurstöðu framkvæmdaraðila að stækkunin muni ekki hafa umtalsverð neikvæð áhrif á lífríki, eðlisefnafræði- og vatnsformfræðilega gæðapætti á vatnshlotin Krókslón, Hrauneyjalón, Veituleið Sigölduvirkjunar og Tungnaá 3 umfram það sem þegar hafi orðið.

Í umsögn Náttúrugriða er fyrst og fremst gerð athugasemd við málsmeðferð en fram kemur að samtökin áskilji sér rétt til efnisathugasemda sem fljótt á litið kæmu til með að varða aðferðafræði áhrifamats þar sem gert sé ráð fyrir að vatnshlotin sem framkvæmdin varði séu manngerð og mikið breytt þrátt fyrir að hafa ekki lögformlega stöðu sem slík.

3.1.3 Niðurstaða HMS

Þann 9. janúar 2026 voru kynnt drög að uppfærslu á 9. kafla vatnaáætlunar þar sem fjallað er um manngerð og mikið breytt vatnshlot en meðal þeirra vatnshlota sem til stóð að skilgreina sem mikið breytt eða manngerð vatnshlot voru vatnshlot á áhrifasvæði Sigöldustöðvar. Umhverfis- og orkustofnun staðfesti svo að vatnshlotin væru skilgreind sem mikið breytt eða manngerð þann 13. maí 2026. Viðbót við umhverfismatsskýrslu vegna stækkunar Sigöldustöðvar fór í almenna kynningu 16. febrúar 2026, þ.e. eftir að drög að uppfærslu á vatnaáætlun voru kynnt en áður en búið var að staðfesta skilgreiningar vatnshlota.

Mat Landsvirkjunar á áhrifum stækkunar Sigöldu á vatnshlot tók mið af því að þau vatnshlot sem framkvæmdin varðar teljist vera mikið breytt eða manngerð. Nú hefur sú skilgreining verið staðfest og gerir HMS ekki athugasemd við aðferðafræði áhrifamatsins.

HMS gerir ekki athugasemdir við niðurstöður mats Landsvirkjunar og telur að með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum að áhrif fyrirhugaðar framkvæmdar á vatnshlot og vatnalífriki komi til með að vera minniháttar.

Í framkvæmdalýsingu kemur fram að til standi að sækja efni til steypugerðar í haug í Sporðöldulóni. Sporðöldulón (103-2450-L) er inntakslón Búðarhálsstöðvar og hefur verið skilgreint sem mikið breytt vatnshlot og að umhverfismarkmið þess sé gott vistmegin. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun er um er að ræða fylliefni úr námu í Trippavaði sem komið var fyrir á staðnum á meðan framkvæmdir við Búðarhálsstöð stóðu yfir. Efnið sé á þurru við lækkaða vatnsstöðu í lóninu og þá liggi slóði að haugnum sem sé einnig á þurru við lækkaða á vatnsstöðu. Til standi að nota framangreindan slóða og að moka innan úr haugnum til að raska vatni sem minnst og þá verði botn jafnaður eftir að efnið hafi verið fjarlæggt. Efni hafi verið fjarlæggt úr haugnum árið 2016 og gert er ráð fyrir að um 12.000 m³ af efni standi eftir. Athugun HMS á vettvangi og á loftmyndum staðfesta að um er að ræða efnishaug á grunnu vatni nálægt bakka lónsins. Með hliðsjón af eðli og umfangi þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru í vatnshlotinu og aðstæðum telur HMS ekki hætt við að framkvæmdirnar komi til með að hafa áhrif á vatnshlotið eða ástand þess að teknu tilliti til umhverfismarkmiða vatnshlotsins.

Vatnshlot sem fyrirhuguð framkvæmd varðar hafa öll verið skilgreind sem mikið breytt vatnshlot eða manngerð vatnshlot í tilviki Veituleiðar Sigölduvirkjunar. Umhverfismarkmið vatnshlotanna er að hafa gott vistmegin. HMS telur að stækkun Sigöldustöðvar komi ekki til að hafa teljandi áhrif á vatnshlotin umfram það sem nú er þekkt og að framkvæmdin komi ekki til með að leiða til þess að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er staðsett á grunnvatnshlotunum Kerlingarfjöll-Hreppar (103-287-G) og Tungnaárhrauni (103-308-G). Þá er grunnvatnshlotið Krókslón (103-213-G) afmarkað undir hluta Krókslóns. Ástand grunnvatnshlotana er óþekkt en þau hafa ekkert skráð álag. Umhverfismarkmið þeirra eru góð magnstaða og gott efnafræðilegt ástand. Með hliðsjón af eðli fyrirhugaðra framkvæmda er ekki ástæða til að áætla að þær feli í sér álag á grunnvatnshlot eða sérstaka áhættu fyrir grunnvatn.

Finna má bleikju og urriða í Krókslóni og bleikju í Hrauneyjalóni sbr. umfjöllun í áhrifamati vatnshlota. Þá er einnig að finna bleikju og urriða í Sporðöldulóni¹ og í Tungnaá 3². Ekki er gert ráð fyrir að veituleið Sigölduvirkjunar geti fóstað mikið lífríki. Í Tungnaá 3 geta rennslisbreytingar á framkvæmdatíma haft neikvæð áhrif á lífríki en þau áhrif teljast að mati HMS minniháttar og eru sambærileg og áhrif vegna rennslisbreytinga við núverandi rekstur. Að öðru leyti geta vatnsbreytingar í lónum helst haft neikvæð áhrif á hryggleysingja á strandsvæðum. Að mati HMS er ekki ástæða til að ætla að stækkun Sigöldustöðvar komi til með að hafa teljandi áhrif á vatnalíf.

Í umsögnum Ásahrepps og Rangárbings ytra er nefnt að þörf sé á að útfæra mótvægisáðgerðir, sér í lagi með tilliti til mengunarvarna. HMS tekur undir með sveitarfélögunum og telur mikilvægt Landsvirkjun leggi fram upplýsingar um verktilhögun með tilliti til mengunarvarna og að kveðið verði á um mengunarvarnir í skilmálum þeirra leyfa sem gefin verða út, til að draga úr líkum á mengunaróhöppum.

¹ Benóný Jónsson og Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir (2020). Vatnalíf í nýmynduðu virkjanalóni: Sporðöldulón 2014-2018. Hafrannsóknastofnun.

² Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir, Benóný Jónsson, Eydis Salome Eiríksdóttir, Haraldur R. Ingvason og Stefán Már Stefánsson (2026). Tungnaá. Lífríki og vistfræðilegir gæðabættir. Hafrannsóknastofnun.

Þá vekur HMS athygli á að vakta þarf mögulegt rof í Veituleið Sigölduvirkjunar og að brugðist verði við á viðeigandi hátt ef ástæða er til. HMS beinir því til væntanlegra leyfisveitenda að tryggja framangreint.

Að mati HMS eru áhrif fyrirhugaðar framkvæmdar á vatnalífriki og vatnshlot líkleg til að vera óveruleg.

4 Skipulag og leyfi

Virkjunarmannvirki Sigöldustöðvar eru í Ásahreppi og Rangárþingi Ytra. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan Ásahrepps og eru í samræmi við Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032 þar sem stöðvarhús og frárennslisskurðir liggja innan þeirra sveitarfélagamarka. Framkvæmdin er einnig í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028 þar sem fyrirhuguð stækkun Sigöldustöðvar felur hvorki í sér mannvirki á nýjum svæðum né breytingar á stærð Krókslóns sem fellur innan þeirra sveitarfélagamarka. Samþykkt hefur verið deiliskipulag vegna stækkunar Sigöldustöðvar sem tók gildi 9. apríl 2024.

Framkvæmdir vegna stækkunar Sigöldustöðvar eru háðar virkjunarleyfi Umhverfis- og orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver skv. raforkulögum. Vegna stækkunar Sigöldustöðvar þarf framkvæmdaleyfi frá Ásahrepp samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig þarf byggingarleyfi frá Ásahrepp skv. lögum um mannvirki.

Forsætisráðuneytið hefur veitt leyfi, dags. 4. júní 2024, fyrir stækkun Sigöldustöðvar um eina vél.

Vegna stækkunar Sigöldustöðvar þarf starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerð um hollustuhætti. Þá þarf leyfi frá Fiskistofu til framkvæmdanna skv. lögum um lax- og silungsveiði.

5 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur HMS farið yfir umhverfismatsskýrslu Landsvirkjunar um stækkun Sigöldustöðvar sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. tölulið 13.01 í 1. viðauka laga nr. 111/2021. HMS telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Landsvirkjun áformar að stækka Sigöldustöð með því að koma fyrir fjórðu aflvélinni og auka uppsett afl stöðvarinnar úr 150 MW í allt að 215 MW. Fyrirhugaðar framkvæmdir felast að mestu í breytingum á núverandi mannvirkjum og aðlögun þeirra að rennsli um fjórðu aflvélinna. Um er að ræða umfangslitlar framkvæmdir og gera má ráð fyrir að takmörkuðum ummerkjum á yfirborði að framkvæmdum loknum.

Fyrir liggur umhverfismatsskýrsla Landsvirkjunar dags. 1. ágúst 2023 og álit Skipulagsstofnunar dags. 18. desember 2023. Sökum annmarka á umfjöllun um áhrif á vatnshlot í fyrrnefndri umhverfismatsskýrslu hefur Landsvirkjun lagt fram viðbót við fyrri umhverfismatsskýrslu með nánari umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot.

Samkvæmt álit Skipulagsstofnunar frá 2023 var það niðurstaða stofnunarinnar að áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot og vatnalífriki verði óveruleg. Eftir framlagningu frekari gagna um áhrif á vatnshlot og opinbert samráð um þau er það mat HMS að áhrifin verði óveruleg og að framkvæmdin sé ekki líkleg til að leiða til þess að vatnshlot nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

Líkt og fram kemur í álitni Skipulagsstofnunar frá 2023 eru önnur áhrif framkvæmdarinnar líkleg til að verða óveruleg eða nokkuð neikvæð. Að mati HMS eru áhrif framkvæmdarinnar því ekki líkleg til að verða umtalsverð.

Stækkun Sigöldustöðvar kemur til með að hafa samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum á Þjórsársvæðinu sem hafa áhrif á vatnafar og umhverfi. Þau áhrif eru þó líklegt til að vera óveruleg með hliðsjón af eðli framkvæmdarinnar, litlu umfangi og takmarkaðra áhrifa hennar.

Leyfisveitingar og skilyrði

Kveða skal á um mengunarvarnir í skilmálum þeirra leyfa sem gefin verða út til að draga úr líkum á mengunaróhöppum. Jafnframt er ástæða til að kveða á um vöktun á mögulegu rofi í Veituleið Sigölduvirkjunar og viðeigandi aðgerðir til að bregðast við mögulegu rofi.

Reykjavík, 7. júlí 2026,

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

* Rafræn skilríki

HMS Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Egill Þórarinnsson

Egill Þórarinnsson
Teymisgjafi, umhverfismat
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með **OneSign**

* Rafræn skilríki

HMS Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Jakob Gunnarsson

Jakob Gunnarsson
Sérfræðingur, umhverfismat
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með **OneSign**